

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Reynisvatnsás, Grafarholt - Úlfarsárdalur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 27. ágúst 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að opið óbyggt svæði sem að hluta er innan skógræktarsvæðisins „Græni trefillinn“ austan Grafarholts við Reynisvatnsás breytist í svæði fyrir blandaða byggð. Mörk „Græna trefilsins“ færast til suðurs og austurs upp í Reynisvatnsás norðan Reynisvatns, og til austurs með vatnsbakka Reynisvatns. Við það færast byggðarreitur Grafarholts til austurs og breyting verður á legu tengibrautar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 27. ágúst 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.